

Miðvikudaginn 25. okt. 1933.

Nr. 94/1933. **Valdstjórnin** (Lárus Fjeldsted)  
gegn

**Hallgrími Guðmundssyni**  
(Sveinbjörn Jónsson).

Bruggun.

*Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 27. maí 1933:* Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

### **Dómur hæstaréttar.**

Samkvæmt ástæðum þeim, er greinir í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, ber að staðfesta hann, þó þannig að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, 50 kr. til hvors.

### **Því dæmist rétt vera:**

Hinum áfrýjaða lögregluréttardómi skal óraskað, þó þannig, að greiðslufrestur sektarinnar telst frá uppsögn dóms þessa.

Kærði, Hallgrímur Guðmundsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar á meðal málflutningslaun sækjanda og verjanda í

hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Lárusar Fjeldsted og Sveinbjarnar Jónssonar, 50 kr. til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hallgrími Guðmundssyni, verkamanni, til heimilis á Laugavegi 57 hér í bænum, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 64 1930, og eru málavextir þeir, er nú skal greina og upplýstir eru með eigin játningu kærða, sem er í samræmi við annað, er fram hefir komið í málinu.

Um miðjan apríl síðastliðinn tók kærði á leigu kjallaraberghi í húsinu nr. 14 við Bræðaborgarstíg, hér í bænum og hinn 25. sama mánaðar byrjaði hann svo að brugga áfengi í fyrrgreindu herbergi. Lagði hann þá í tvær tunnur 100 litra af áfengislögum hvora og lét lögunina gerjast í 9 daga. Tók hann þá til að sjóða hana og notaði til þess oliugasvél til hitunar, blikkbrúsa sem hann sauð á, eimingarpípu úr eir og kælilát. Úr þessari lögum fékk kærði 50 heilflöskur af fullbrugguðu áfengi, sem hann seldi óblandað á 9 krónur heilflöskuna, en er hann seldi aðeins hálfflösku í einu var verðið 5 krónur hálfflaskan. Kveðst kærði hafa selt allt þetta áfengi við framangreindu verði hinum og þessum, sem hann ekki hefir tilgreint, og fór salan fram hingað og þangað á götum bæjarins, en ekki heima hjá kærðum.

Um síðastliðin mánaðarmót flutti kærði úr herbergi þessu. Flutti kærði bruggunartækin sumpart heim til sín og sumpart kom hann þeim í geymslu inni í Bjarnaborg, en eimingarpípunni kveðst hann hafa fleygt. Hafa bruggunartækin að eimpípunni undanskilinni fundizt samkvæmt tilvisun kærða á fyrrgreindum stöðum.

Framangreint brot kærða varðar við 6. gr. sbr. 30. gr. og 11. gr. sbr. 32. gr. áfengislaga nr. 64, 1930 og þykir refsing hans, sem hinn 25. marz s. l. var í lögreglurétti Reykjavíkur dæmdur í 15 daga fangelsi við venjulegt fanga-  
viðurværi og 1000 króna sekt fyrir sama brot, en hefir

ekki svo kunnugt sé oftast sætt refsingu, hæfilega ákveðin fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 30 daga og 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 55 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Framangreind bruggunartæki skulu upptæk og eign ríkissjóðs.

Kærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið.

Föstudaginn 27. okt. 1933.

Nr. 59/1932. **Fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs**

(Jón Ásbjörnsson)

gegn

**Efnagerð Reykjavíkur h/f**

(Th. B. Lindal).

Endurgreiðsla aðflutningsgjalds að frádregnum vörutolli. Umrædd vara eigi talin koma undir tollögin.

*Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. apríl 1932: Stefnur, fjármálaráðherra Ásgeir Ásgeirsson, f. h. ríkissjóðs, greiði stefnandanum, h/f Efnagerð Reykjavíkur, kr. 28,50, svo og kr. 60,00 í málskostnað innan fimmtán daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.*

### **Dómur hæstaréttar.**

Vara sú, sem ræðir um í máli þessu, hinn svonefndi bitri kakao „massi“ eða kakaodeig, er eftir því sem upplýst er kjarni úr baunum choco trésins, er hitaður hefir verið upp, svo að fituefnin í honum bráðni, og síðan rennt í mót og látinn kólna. Úr vöru þessari eru síðan aðrar vörur unnar, bæði súkkulaði og kakaodupt. Við þá vinnslu eru ýmist efni leyst úr deiginu eða nýjum efnum blandað við